



# Ferðafélag Íslands

## fréttabréf

Útgefandi: Ferðafélag Íslands · Ábm.: Páll Guðmundsson · Umsjón: Sigurður Bogi Sævarsson · Sími: 568 2533 · [www.fi.is](http://www.fi.is) · [fi@fi.is](mailto:fi@fi.is)

Nr. 73 Janúar 2010



Á Sauðanefi austan Háuhvera í friðlandi að fjallabaki. Litla-Hamragil í baksýn. Ljósmynd: Daníel Bergmann.

Starfið fjölbreytt og gefandi segir Ólafur Örn Haraldsson forseti FÍ:

## Eigum að vera hugsjónafélag

„Það er mikið líf og fjör í starfsemi Ferðafélagsins um þessar mundir. Starfið er fjölbreytt og gefandi og þátttaka mikil. Þar kemur til stóruakinn áhugi fólks á útivist og ferðalögum, en ekki síður að almenningur telur grunnildin í starfsemi félagsins eiga erindi við sig,“ segir Ólafur Örn Haraldsson forseti Ferðafélags Íslands.

Á undanförunum árum hafa komið inn ný verkefni, félögum hefur fjölgað og nú lætur nærri að þeir séu um átta þúsund. Þátttaka í ferðum er góð þar sem róið hefur verið á ný mið. Áhersla er m.a. lögð á að ná til yngra fólks og fjölskyldna, um leið og við reynum að hugsa vel um hinn sterka kjarna félagsmanna. Góð þátttaka er í nýjum verkefnum, s.s. Ferðafélagi barnanna, barnavagnavíku og verkefninu Eitt fjall á viku sem hrundið var af stað nú í ársbyrjun.


„Það er eitt af keppikeflum okkar að ná til fjöldans og virkja fólk til þátttöku í góðum hópi,“ segir Ólafur Örn sem hefur tekið þátt í starfi FÍ síðan á barnsaldri. Foreldrar hans, þau Haraldur Matthíasson og Kristín Ólafsdóttir að Laugarvatni, ferðuðust mikið með félaginu og Haraldur var höfundur nokkurra árbóka.

„Þær ferðir með FÍ sem við systkinin fórum með foreldrum okkar voru afar skemmtilegar. Þar kynntist ég fjölda eftirminnilegra karla og kvenna sem höfðu mikil og mótandi áhrif á mig. Þegar ég lít til baka finnst mér hafa verið mikil heiðrjúka yfir starfi FÍ á þessum árum og svo er raunar enn.“

Grunngildin í starfi FÍ eru einkum fjögur, að sögn Ólafs; skipulagning ferða, útgáfa rita um land og leiðir, rekstur skála víða um landið og í fjórða og síðasta lagi náttúruvernd í sinni víðustu merkingu. Sjálfbæðaliðastarf er burðarásinn í starfi FÍ. Hópar röskra félaga sinna ýmsum verkefnum á vettvangi félagsins, svo sem viðhaldi skála, merkingu gönguleiða, fararstjórn að nokkru leyti, og þannig mætti áfram telja. „Í sjálfbæðastarfinu felst kjarninn í félagsstarfi okkar og

ég legg mikla áherslu á að FÍ verði aldrei ferðaskrifstofa. Félagið er og á jafnan að vera vettvangur fyrir fólk sem vill ferðast um landið sitt í góðum hópi. FÍ er hugsjóna- og framfarafélag og í það eigum við að halda,“ segir Ólafur Örn sem sl. eitt og hálft ár hefur unnið að ritun Árbókar FÍ 2010. Bókin kemur út í vor og fjallar að þessu sinni um friðlandið að fjallabaki, þar sem Landmannalaugar, Jökulgilið, Hrafninnusker og fleiri staðir eru djásn í kórónu landsins.

„Árbækurnar og útgáfa þeirra eru einn mikilsverðasti þátturinn í starfsemi okkar. Í krafti langrar sögu og hefða eru miklar kröfur gerðar til FÍ og okkur sem erum í forystu félagsins í dag er metnaðarmál að standa undir þeim,“ segir Ólafur Örn.



Ólafur Örn Haraldsson

### Nýárs glaðningur FÍ til félagsmanna

Ferðafélag Íslands hefur náð hagstæðum samningum við Cintamani og býður nú öllum félagsmönnum sínum glæsilega Cintamani peysu úr tecnostretch með merki FÍ og íslenska fánanum ísaumuðu á kr. 10.000 en söluvirði slíkrar peysu úr verslun er kr. 22.000. Aðeins er um einn lit að velja, sérstakan Ferðafélagsslit, fallega bláan. Félagsmenn geta pantað peysu á skrifstofu félagsins og hefur nú frestur til að panta peysuna verið framlengdur til 10. febrúar, en nýárs glaðningurinn hefur fengið afar góð viðbrögð félagsmanna. Hægt er að máta stærðir á skrifstofunni.

# Hressilegar áskoranir

Margar nýjungar eru í ferðaáætlun Ferðafélags Íslands fyrir árið 2010. Þar má finna sumarleyfisferðir sem ekki hafa verið áður á dagskrá og einnig er boðið upp á fjölmargar helgar- og dagsferðir sem ekki hafa boðist áður. Nýjungar eru til dæmis daglegar jökulgöngur úr Þórsmörk á Eyjafjallajökul snemma sumars og einnig ferðir um



fríðland að fjallabaki sem er umfjöllunarefni Árbókar FÍ í ár.

„Yngra fólk leitar í auknum mæli til okkar og er opið fyrir hressilegum áskorunum, eins og verkefninu Eitt fjall á viku sem við fórum af stað með í ársbyrjun. Ferðafélagið mætir vaxandi áhuga yngra fólks með mikilli ánægju, en raunar hefur fólk á öllum aldri gengið til liðs við okkur að undanfögnu,“ segir Sigrún Valbergsdóttir formaður ferðanefndar FÍ.

## Laugavegur og Lónsöræfi

Laugavegsferðir FÍ eru sígildar og hafa verið í ferðaáætlun FÍ allt frá því skálum var komið upp á leiðinni. „Eftir Laugavegsgöngu er fólk fært í næstum hvaða óbyggðagöngu sem er. Laugavegurinn er sígildur og sama má segja um ferðir á Hornstrandir, í Lónsöræfi og Fjörður. Í sumar erum við með tvær unglingaferðir á Hornstrandir og fjölskylduferðir um hverja helgi í Þórsmörk undir því yndislega heiti María, María. Áætlunin er þannig gerð að það er litið til allra aldurs-þópa og einnig til mismunandi göngugetu fólks.“

Í ár ætlar FÍ að bjóða fjallahlaupaköppum upp á nýja leið sem hlotið hefur nafnið Skarðsheiðarskeið. Það er um 28 km leið allt frá Geldingadraga að Borgarfjarðarbrú, eftir lokasprett yfir Hafnarfjall. Sú ferð er á dagskrá 26. júní.

## Úr Bitru suður í Brú

Einnig má nefna Framhjágönguna miklu. Hjólin Baldur Sigurðsson og Eva Benediksdóttir hafa lengi haft ártalið 2012 í huga, en þá verða 100 ár liðin frá hinni frægu framhjágöngu Þórbergs Þórðarsonar. Þá stakk hann af, af skipinu Hólum í Norðurfirði á Ströndum og ákvað að ganga stystu leið suður allar Strandir til að banka uppá hjá elskunni sinni að Bæ við Hrutafjörð, sem hann síðan guggnaði á. Í ár verður fyrsti hluti þessarar göngu genginn með það fyrir augum að ljúka henni 2012. Gangan í ár hefst í Norðurfirði 22. júlí og endar fjórum dögum síðar við Óspakseyri við Bitrufjörð. Á næsta ári verður svo gengið úr Bitru suður í Brú.



Sigrún Valbergsdóttir

Sigrún Valbergsdóttir hefur lengi verið meðal fararstjóra FÍ og leitt hópa víða um land. Um páskana ætla þau Bragi Hannibalsson að vekja Læknishúsið á Hesteyri úr vetrardvala og fara þaðan í göngur á skíðum eða tveim jafnfljótum. Þessi ferð hefur verið farin nokkur undanfarin ár og nýtur vinsælda. „Pá er Sögugangan á áætlun nú í sjötta sinn. Í þetta sinn verðum við Magnús Jónsson á slóðum Vatnsdælu og höldum til á Hofi í Vatnsdal sem er landnámsjörð Ingimundar gamla. Síðan verð ég með Ástu Böðvarsdóttur jógakennara um Jónsmessuna í Hlíðuvík og í lok júlí held ég á vit víðerna og afskekktar á Arnarvatnsheiði,“ segir Sigrún Valbergsdóttir.

Aukin þjónusta við ferðamenn

# Vetrargæsla í Landmannalaugum

Ferðafélag Íslands verður með skálaverði í Landmannalaugum í vetur, frá febrúar og fram yfir páska. Broddi Hilmarsson umsjónarmaður skála Ferðafélagsins hefur yfirumsjón með vetrargæslunni, auk þess sem Broddi vinnur nú að undirbúningi ýmissa framkvæmda í skálum félagsins næsta sumar. „Skálavörslu í Landmannalaugum yfir vetrarmánuðina er mjög vel tekið hjá ferðamönnum og má segja að skálavarslan auki bæði þjónustu við ferðamenn og eins auki hún öryggi þeirra til muna,“ segir Broddi. „Með skálavörð á svæðinu getum við boðið upp á vatnssalerni og tryggjum að skáliinn sé ávallt heitur og ekki er verra að það sé heitt á könnunni þegar gesti ber að garði.“ Vetrarumferð hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, þó svo að hún hafi dregist saman fyrst eftir hrúnið. „Við erum að sjá mikið af jeppamönnum koma í Laugar yfir vetrartímam, einnig eru sledamenn mikið á ferðinni og svo eru alltaf hópar af göngufólki á gönguskíðum þegar aðstæður, veður og færi leyfa.“ Broddi vinnur nú ásamt byggingarnefnd að undirbúningi fyrir sumarið



Broddi Hilmarsson

en þar segir hann efst á listanum vera að bæta aðstöðu fyrir tjaldgesti á Laugaveginum með uppsetningu á sérstökum vaskhúsum. Á nokkrum skálasvæðum verði skipt út salernishúsum og sett ný hús með fleiri salernum í stað eldri húsa sem flutt verði annað. „Umferðin og aðsóknin í skála félagsins var gríðarlega mikil og má segja að miðað við aðsókn þá hafi aðstaða verið sprungin. Það er því gríðarlega mikilvægt að bregðast hratt við og bæta við aðstöðuna þar sem á þarf að halda svo hægt sé að taka sómasamlega á móti ferðamönnum á leið um Laugavegin. Annars eru verkefni þegar kemur að viðhaldi og uppbyggingu skálanna nánast endalaus og oft á tíðum bæði mjög kostnaðarsöm og erfið í framkvæmd, meðal annars vegna fjarlægðar og tíma.“

Broddi er þó hinn brattasti fyrir sumarið og hlakkar til að bretta upp ermar og halda til fjalla.

## Fararstjóraskóli FÍ

Ferðafélag Íslands hefur sett á laggirnir fararstjóraskóla sem vinnur m.a. að þjálfun fararstjóra félagsins. Fararstjóraskólinn stendur fyrir námskeiðum bæði fyrir fararstjóra FÍ og félagsmenn í vetur sem kynnt eru á heimasíðu félagsins. Á meðal námskeiða sem skólinn stendur fyrir eru GPS-námskeið fyrir göngufólk, snjóflóðanámskeið, jöklaöryggisnámskeið, vaðnámskeið, með allt á bakinu, ferðamennska, skyndihjálpar, fyrsta hjálpar á fjöllum, fararstjóránámskeið FÍ og skálavarðanámskeið. Í skólanefnd sitja Haraldur Örn Ólafsson pólfari, Jökull Bergmann fjallaleiðsögumaður, Auður Kjartansdóttir sérfræðingur á snjóflóðasviði Veðurstofunnar og yfirkennari hjá Björgunarskóla Landsbjargar og auk þeirra Sigrún Valbergsdóttir formaður ferðanefndar FÍ og Páll Guðmundsson frkv.stj. FÍ. Skólanefndarmenn hafa jafnframt umsjón með nokkrum af þeim námskeiðum sem eru í boði. Á meðal fleiri leiðbeinenda á námskeiðum fararstjóraskólans má nefna Pál Ásgeir Ásgeirsson og Gísla Ólaf Pétursson.

# Húsfyllir á myndakvöldi

Um 150 manns mættu á myndakvöld Ferðafélags Íslands á miðvikudagskvöld. Þar voru sýndar myndir úr skíðaferðum um fjöll og jökla að vetrarlagi. Einar Ragnar Sigurðsson sýndi myndir úr ferðum um Laugavegin á skíðum og ferð þvert yfir Vatnajökul sumarið 1997.

Páll Ásgeir Ásgeirsson sýndi myndir úr skíðaferðum um Síðuafreitt og inn í Öskju veturna 2008 og 2009. Fjöldi gesta endurspeglar mikinn áhuga á ferðum af þessu tagi og nokkrar umræður urðu um búnað og

skipulag í ferðum sem þessum. Páll Ásgeir sem er fararstjóri hjá Ferðafélaginu og situr jafnframt í stjórn félagsins hefur nú tekið að sér umsjón myndakvöldanna en þau eru á dagskrá þriðja miðvikudag hvers mánaðar í janúar, febrúar, mars og apríl. „Við erum búin að setja upp dagskrá fram á vor og óhætt að segja að sýningarefnið sé mjög áhuga-vert. Við erum í bland með fararstjóra FÍ að sýna myndir úr ferðum félagsins og eins með fræðimenn sem taka fyrir efni er tengist náttúru og ferðum með ýmsum hætti.“



## Ferðafélag Fljótsdalshéraðs 40 ára

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs fagnaði 40 ára afmæli sínu laugardaginn 19. september s.l. með vígslu nýs skála í Loðmundarfirði. Ferðafélag Íslands óskar Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs innilega til hamingju með áfangann og glæsilegan skála.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs er deild í Ferðafélagi Íslands. Félagið á og rekur sjö gistiskála að meðtöldum skálanum í Loðmundarfirði og er hann eins og skálarnir í Breiðuvík og Húsavík, rekinn í samstarfi við

ferðamálahópin á Borgarfirði eystra. Einnig hefur félagið gefið út gönguleiðakort fyrir Fljótsdalshérað, Jökuldalsheiði, Úthérað og Vopnafjörð, nágrenni Snæfells og nágrenni Kverkfjalla. Kortin fást í skálanum, á upplýsingamiðstöð ferðamála á Egilsstöðum og víðar. Þar er einnig hægt að fá gönguleiðakort af Víknaslóðum ásamt lýsingum á gönguleiðum. Formaður félagsins er Þórhallur Þorsteinsson en hann hefur gegnt því embætti um langt skeið.

## Heimasíður deilda

Deildir Ferðafélags Íslands eru nú orðnar 14 talsins, en á síðustu þremur árum hafa fimm nýjar deildir verið stofnaðar. Deildir félagsins eru sjálfstæðar, bæði fjárhagslega og með eigin stjórn, en starfa í anda markmiða og laga FÍ og standa fyrir öflugum starfi í sinni heimabyggð. Flestar deildir starfa á öllum kjörsviðum félagsins, þ.e. standa fyrir ferðum, reka skála og sinna útgáfu- starfi og fræðslu. Deildirnar eru flestar með eigin heimasíðu og þar má lesa um starf þeirra og verkefni, skoða ferða- áætlun þeirra og fá upplýsingar um þá skála sem þær reka. Slóðir á heima- síður deildanna má sjá á heimasíðu FÍ, [www.fi.is](http://www.fi.is).

## Samningar við samstarfsaðila FÍ

Nú í byrjun árs hefur Ferðafélag Íslands gert samninga við nokkra af samstarfsaðilum félagsins. Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ segir ánægjulegt þegar góðir samningar við öfluga samstarfsaðila séu í húsi. „Nú nýverið voru endurnýjaðir samningar við Cintamani, en FÍ og Cintamani hafa í nokkur ár starfað saman. Samningurinn felur í sér góð kjör fyrir félagsmenn FÍ hjá Cintamani. Eins var gerður samningur við Fjallakofann sem mun bjóða félagsmönnum góð kjör og ýmis tilboð og eins tengiast fararstjórahóp FÍ,“ segir Páll. Aðrir samstarfsaðilar FÍ eru til dæmis Valitor, Toyota og Olís.

Haraldur Örn Ólafsson er fararstjóri FÍ í tveimur ferðum á Hvannadalshnjúk í vor

# Hnjúkurinn er ekki lokatakmark

„Áhugi á útivist og fjallamennsku hefur aukist mikið undanfarið og margir hafa Hvannadalshnjúk sem sitt stóra takmark,“ segir Haraldur Örn Ólafsson. Ferðafélag Íslands stendur fyrir tveimur ferðum á hnjúkinn í vor, það er 8. og 22. maí. Fyrri ferðin er hluti af verkefninu Eitt fjall á viku, sem FÍ hratt af stað í ársbyrjun, en sú síðari er hin árlega hvítasunnuferð FÍ sem fyrir löngu hefur unnið sér fastan sess.

## Á brattann

Haraldur Örn Ólafsson hefur verið fararstjóri FÍ á Hvannadalshnjúk sl. fimm ár. Hann breytti fyrirkomulagi ferðanna þegar hann tók við keflinu. Áður tíðkaðist að göngugarpar kæmu saman með rútu austur í Öræfasveit þar sem var höfð næturdvöl áður en lagt var í rauðabýtið á þetta hæsta fjall landsins.

Núna kemur fólk sér einfaldlega sjálft austur og sér sjálft um gistingu. Með FÍ hafa um 200 manns gengið á Hvannadalshnjúkinn á ári. Fróðu fólk telst hins vegar til að séu ferðir undir merkjum annarra, sem og einkahópar taldir með, sé ekki fráleitt að ætla að þúsund manns á ári takist að sigrast á þeirri ögrun sem fjallið háa er.

## Klukkustund á Esjuna

„Þeir sem ganga á Hvannadalshnjúk hafa margir það ágæta viðmið í þjálfuninni að komast upp á Esjuna á klukkustund. Við leggjum líka áherslu á að þeir sem bóka sig í ferðina séu í þokkalegu formi, enda krefst hún talsverðs af fólk,“ segir fararstjórinn. Forréttindi Íslendinga eru, segir Haraldur Örn, að eiga stórbrotna náttúru, líka því sem til dæmis gerist í Noregi og Alpalöndunum

í sunnanverðri Evrópu. „Sífelld fleiri eru að átta sig á þessu og það skýrir að nokkru leyti aukinn útivistaráhuga landans. Þar þykir mörgum Hvannadalshnjúkur ekkert lokatakmark. Hrútfellstindar, sem eru í klasa Öræfajökuls, eru mörgum mikil ögrun þó allir sem komist hafa á Hnjúkinn ættu að ná þangað. Þar skiptir mestu góður búnaður og þjálfun og fara réttu „Ferðafélagsleiðina“ sem svo er kölluð, leið sem hópur á vegum FÍ fetaði á tindana fyrir mörgum árum og flestir hafa fylgt síðan,“ segir Haraldur, sem nýlega stofnaði fyrirtækið Fjallafélagið. Þar ætlar hann að leiðseglja ferðamönnum um fjöll og firnindi. Haraldur leggur þó áherslu á að hann ætli að starfa áfram með Ferðafélaginu, m.a. sem fararstjóri á Hvannadalshnjúk og vinna að þjálfun fararstjóra í nýstofnuðum fararstjóraskóla FÍ.

# Áramótaheit og nýársverkefni FÍ



Þátttakendur í fyrstu göngu á tindri Helgafells.

Um áramótin kynnti Ferðafélag Íslands nýtt verkefni í starfi sínu sem hlotið hefur nafnið Eitt fjall á viku, en í verkefninu er markmiðið að ganga á eitt fjall á viku allt árið 2010 eða alls 52 fjöll. Það er framkvæmdastjóri félagsins, Páll Guðmundsson, sem leiðir verkefnið og er fararstjóri í öllum fjallgöngunum. Verkefnið hefur hlotið frábærar viðtökur og alls hafa um 200 manns skráð sig. Nú er skráningu lokið og þegar hafa þátttakendur gengið á fyrstu þrjú fjöllin í verkefninu.

## Þátttakan er góð

„Það er mjög gaman hvað þátttakan er góð og hún segir mikið um þann mikla áhuga fólks á gönguferðum og fjallgöngum sem við höfum séð aukast stöðugt undanfarið,“ segir Páll. „Hugmyndin að verkefninu er komin frá konu minni, Auði Kjartansdóttur, sem vildi hvetja mig til að hreyfa mig meira og reglulega. Ætli henni hafi bara ekki fundist ég vera orðinn of feitur. Vissulega vantar ekki áhugann hjá mér til að hreyfa mig og stunda gönguferðir og fjallgöngur, en ég hafði svona verið að afsaka hreyfingarleysi mitt með mikilli vinnu og barnauppleði, en auðvitað eru afsakanir aldrei til neins og ekki til góðs.“

## Bera út boðskapinn

Dagskráin fyrir árið hefur verið sett upp og fyrstu sex fjallgöngurnar eru á sunnudögum, næstu sex á laugardögum, þá koma gönguferðir á miðvikudögum og fimmtudögum og á þremur vikum ársins er gengið á 10 fjöll og gefst þannig færi á að gefa 10 vikna sumarfrí. Í sumarfríinu fá þátttakendur heimaverkefni þannig að þeir sem eru hvað duglegastir munu ganga á fleiri en 52 fjöll á árinu. „Megintilgangur verkefnisins er að bera út boðskapinn og hvetja fólk til að fara út, hreyfa sig og ganga á fjöll í góðum félagsskap. Miðað við viðbrögðin þá hefur það tekist – og þó svo að ekki geti allir verið með í verkefninu og allri þeirri skuldbindingu sem því fylgir þá bendum við á dagsferðir FÍ, reglulegar ferðir og fjallgöngur, göngugleðina, Esju-göngur og fleiri verkefni í starfi félagsins sem öllum er velkomið að taka þátt í.“

## Strengja heit

Páll segir að verkefnið hafi verið kynnt sérstaklega sem áramótaheit og allir þátttakendur hafi þurft að stíga á stökk og strengja þess heit að ganga á öll fjöllin 52. „Þetta er svona í anda þess þegar ungmennafélagshreyfingin fór eins og eldur í sinu um allt land í upphafi síðustu aldar. Þá stigu menn á stökk og strengdu alls konar heit. Ætli eitt besta heitið hafi ekki verið hjá einum ungmennafélaganum sem strengdi þess heit að verða ódauðlegur, ella myndi hann dauður verða,“ segir Páll. Fjöllin 52 eru flest í nágrenni Reykjavíkur, en auk þess eru Hvannadalshnjúkur, Hekla, Snæfellsjökull og Skjaldbreið á fjallalistanum.

Sigríður Bergvinsdóttir er meðal nýrra fararstjóra FÍ:

## Lærdómsríkt hlutverk



Fararstjórar í Fjörðum. Sigríður Bergvinsdóttir og Valgarður Egilsson, sem hún segir vera sinn læriföður.

„Hlutverk fararstjórans er ákaflega lærdómsríkt og að sama skapi skemmtilegt,“ segir Sigríður Bergvinsdóttir á Akureyri. Hún er meðal nýrra fararstjóra í starfi Ferðafélags Íslands og ætlar sér að halda áfram á þeirri braut. Nokkur síðustu sumur hefur hún verið samferða Valgarði Egilssyni í rómuðum ferðum hans um Fjörður og einnig víðar. En Fjörðunum er hún vel kunnug enda uppalin í næsta nágrenni, svo ferðir um Fjörður voru nánast hluti af uppveiti hennar.

Ferðir um Fjörður hafa lengi verið á ferðaáætlun FÍ. Í þeim er jafnan gengið frá Grenivík út með Eyjafirði utanverðum um Látraströnd. Fyrstu nóttina er höfð næturdvöl í Látrum, þaðan er gengið í Keflavík og áfram á Pönglabakka og í Gil. Hópurinn er svo sóttur í Hvalvatnsfjörð og ekið á Grenivík og þar lýkur 4-5 daga ferð. Einnig er hægt að fara hringinn öfugt byrja úti í Fjörðum á Gili og enda Látraströndina heim.

## Gleði og fróðleikur í bland

Sigríður leggur áherslu á að þar sem fólk stíkar óbyggðir og öræfaslóðir þurfi slíkt að vera meira en fróðleiksferðir.

„Fararstjóri þarf að geta tekið öllum sem einum, þótt fólk sé misjafnt eins og það er margt. Það skiptir ekki síður máli að fararstjórinn geti

dregið fram léttu lundina í fólki, því ferðalög eiga að vera skemmtileg; léttir leikir, þrautir og söngur í bland við fróðleikinn. Reyndar er jafnan góð stemning í svona ferðum. Fjallaloftið hefur góð áhrif á fólk og ég hef aldrei farið í gönguferðir, lengri né skemmri, öðruvísi en svo að vel hafi tekist til og allir hafi komið ánægðir heim,“ segir Sigríður sem hefur gengið víða um landið síðustu sumur. Hún er einnig meðal þátttakenda á fararstjóranámskeiði sem Ferðafélag Íslands heldur í vor. Áður hefur hún sótt ýmis námskeið á vegum félagsins, meðal annars í notkun GPS staðsetningartækja. „Skipulag námskeiðanna hefur verið mjög gott og vel að öllu staðið. Mér hefur fundist gaman að kynna hlutverki fararstjórans og vonandi gefur námskeiðið mér enn betra tækifæri til að sinna því,“ segir Sigríður.

Í gegnum göngin með góðum hópi.

